# Koma jól á ný

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir




Hringt er inn til helgra tíða
heilög gleði fyllir drótt.
Fætt er Jesúbarnið blíða,
birtu vefur jólanótt,
gleymum aldrei því
er koma jól á ný.

Lítum öll til ljóssins bjarta,
linum sorg og átök hörð
og með barnsins bljúgu hjarta
biðjum öll um frið á jörð,
gleymum aldrei því
er koma jól á ný.